

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs vegna rammahluta aðalskipulags fyrir Stuðlagil og breytingar á landnotkun, Múlaþingi.

Skipulagsstofnun staðfesti 18. mars 2024 breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 14. desember 2023.

Rammahluti aðalskipulags tekur til landsvæðis meðfram Stuðlagili í Efri-Jökuldal. Markmiðið með gerð rammahlutans var að móta stefnu um ferðaþjónustu og samræma yfirbragð uppbyggingar en um leið draga úr álagi á viðkvæm svæði, tryggja öryggi og ánægjulega upplifun gesta. Samhliða gerð rammahluta var unnin breyting á landnotkun við Hákonarstaði og Klaustursel.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 18. mars 2024.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 20. mars 2024